

Barnamenningarhátíð í Garðabæ 2022

4. – 9. apríl

Dagskrá fyrir skólahópa fer fram á skólatíma en takmarkur fjöldi nemenda kemst að og því eru kennarar hvattir til að bóka hópinn sinn sem allra fyrst.

Barnamenningarhátíð í Garðabæ lýkur með fjölskyldudagskrá á Hönnunarsafni Íslands, Bókasafni Garðabæjar og í glerbyggingum á Garðatorgi laugardaginn 9. apríl.

7. bekkur – Hönnunarsafn Íslands

4. – 8. apríl 2022

Klukkan 9:00, 10:30 og 12:30

Regnbogasmiðja með Ásgerði Heimisdóttur hönnuði og Dagrúnu Ósk Jónsdóttur þjóðfræðingi. Draumar og hjátrú og fegurð þessa undurs sem regnboginn er er rætt og að lokum fer fram listsmiðja þar sem regnbogar verða til.

Einn bekkur kemst að í einu og dagskráin tekur um 70 mínútur.

Vinsamlegast bókið á netfangið: olof@gardabaer.is

Takið fram nafn á skóla og fjölda nemenda.

5. bekkur – Bókasafn Garðabæjar

4. – 8. apríl 2022

Klukkan 9:15, 10:30 og 12:30

Hvernig á að skrifa GEGGJADAR sögur!

Gunnar Helgason hittir nemendur í 5. bekk og fer yfir AÐAL atriðin í því hvernig á að skrifa GEGGJADAR sögur. Hann segir frá ÖLLUM leyndarmálunum sínum og hjálpar nemendunum að búa til sín eigin meistaraverk.

Dagskráin byggist svona upp:

1. Gunni segir frá því hvernig hann byggir sínar sögur upp með hjálp frá Aristótelesi, Disney og Pixar.
2. Krakkarnir skrifa sína eigin söguþræði með hjálp frá Gunna.
3. Gunni fer yfir söguþræðina og gefur krökkunum punkta um hvað má betur fara.
4. Allir eru orðnir SNILLINGAR!!!

Einn bekkur kemst að í einu og dagskráin tekur um 70 mínútur.

Vinsamlegast bókið á netfangið: dianajoha@gardabaer.is Takið fram nafn á skóla og fjölda nemenda.

3. bekkur – Garðatorg 1, glerbygging

4. – 8. apríl 2022

Klukkan 9:00, 10:30 og 12:30

Byggjum víkingaskip með myndlistarkonunum Rakel og Sölku. Pappakassar verða meginuppistaða smiðjunnar og krakkar velta vöngum yfir hvernig var að vera landnámsbarn um boð í skipi á leið til Íslands. Einn bekkur kemst að í einu og hver smiðja tekur 60 mínútur.

Vinsamlegast bókið á netfangið: olof@gardabaer.is

Takið fram nafn á skóla og fjölda nemenda.

1. bekkur – Hönnunarsafn Íslands

4. – 8. apríl 2022

Klukkan 9:00, 10:30 og 12:30

Sund! Fyrstu bekkingar fara í sund í safni, allir fara í sturtu og synda í hressri leiðsögn um sögulega sýningu um sundmenningu Íslendinga.

Einn bekkur í einu kemst að en dagskráin tekur 40-60 mínútur.

Vinsamlegast bókið á netfangið: thorasi@honnunarsafn.is

Takið fram nafn á skóla og fjölda nemenda.

Sýningar á verkum barna á Barnamenningarhátíð í Garðabæ:

- **Sundlaugar í glerbyggingu á Garðatorgi 1.**
Nemendur í 3. og 4. bekk hafa unnið að sýningunni í smiðjum í Hönnunarsafni Íslands sem Þóra Sigurbjörnsdóttir safnkennari leiddi í félagi við Rán Flygenring og Ásgerði Heimisdóttur. Sundlaugar eru viðfangsefnið og nemendur hönnuðu sína eigin sundlaug með fólki, hlutum og verum í. Engin sundlaug er eins og nöfnin einstök!
- **Kynjaverusýning á Bókasafni Garðabæjar.**
Nemendur leikskólanna Urriðaholts og Hæðarbóls tóku þátt í smiðjum með Díönu Dröfn Jóhannsdóttur rithöfundu og viðburðastjóra Bókasafns Garðabæjar. Börnin teiknuðu sínar eigin kynjaverur og gáfu þeim kynleg nöfn en teikningar barnanna mynda sýningu á Bókasafni Garðabæjar.

Laugardaginn 9. apríl, dagskrá fyrir alla fjölskylduna:

- Bókasafn Garðabæjar frá kl. 12-14. Klippimyndasmiðja þar sem kynjaverur verða til en myndlistarkonan Hrund Atladóttir leiðir smiðjuna.
- Hönnunarsafn Íslands frá kl. 13-15. Regnbogasmiðja með Dagrúnu Ósk Jónsdóttur þjóðfræðingi og Ásgerði Heimisdóttur hönnuði. Draumar og hjátrú og fegurð þessa undurs sem regnboginn er er rætt og regnbogar verða til í listsmiðju.
- Hönnunarsafn Íslands frá kl. 13-15. Sundfjör, leikir og þrautir í gengum sýninguna Sund.
- Garðatorg 1 frá kl. 12-14. Víkingaskipasmiðja með myndlistarkonunum Rakei Andrésdóttur og Sölu Rósinkrans. Öll fjölskyldan getur skapað sitt eigið skip úr pappakössum og velt því fyrir sér hvernig var að vera fjölskylda á leið til Íslands á landnámsöld.
- Garðatorg 7 kl. 13:30. Húlladúllan húllar og húllar, gestir geta tekið þátt.
- Garðatorg 1 kl. 12-16. Sýning á sundlaugum sem nemendur í 3. og 4. Bekk hafa hannað í smiðjum í Hönnunarsafni Íslands.
- Bókasafn Garðabæjar kl. 11-15. Kynjaverur, sýning á teikningum barna í leikskólunum Urriðaholti og Hæðarbóli.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar kostar Barnamenningarhátíð í Garðabæ.